

Ed.

## 645. Frumvarp til laga

[128. mál]

um búfjánhald í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 9. maí.)

### 1. gr.

Sveitarstjórn í kaupstað, eða kauptúni með 1000 íbúa eða fleiri, er heimilt með samþykki ráðherra að setja reglugerð um búfjánhald í kaupstaðnum eða kauptúninu. Með slíkum reglum má þó ekki skerða rétt tilraunastöðvarinnar að Keldum eða annarrar hliðstæðrar tilraunastöðvar til búfjánhalds.

Með búfjánhaldi er átt við nautgripa-, hrossa-, svína- og sauðfjánhald svo og alifuglarækt.

Þó er reiðhestahald undanþegið ákvæðum laga þessara, ef það er á vegum hestamannafélaga og þau hafa sett um það reglur, sem hlutaðeigandi sveitarstjórn staðfestir.

### 2. gr.

Í reglugerð má ákveða, að tiltekið búfjánhald sé algerlega bannað í kaupstað (borg) eða kauptúni, takmarkað að því er snertir fjölda hvernar tegundar eða bundið við tiltekin svæði innan bæjarlandsins (borgarlandsins) eða kauptúnsins. Algert bann við tilteknu búfjánhaldi skal tilkynnt búfjäreigendum með a. m. k. eins árs fyrirvara, miðað við 1. október.

### 3. gr.

Ákveða má í reglugerð, að hver sá, sem búfjánhald vill stunda innan kaupstaðarins (borgarinnar) eða kauptúnsins, skuli sækja um leyfi til slíks og sé búfjánhald óheimilt án slíks leyfis. Skytt skal umsækjanda að gera grein fyrir því, hvernig geymslu búfjárins skuli hagað, og láta í té aðrar þær upplýsingar, sem sveitarstjórn telur nauðsynlegar. Leyfi skal bundið við tiltekinn hámarksfjölda. Einnig má binda það við ákveðinn tíma eða ákveða, að það sé afturkallanlegt með tilteknum fyrirvara.

### 4. gr.

Ef maður heldur búfé án leyfis, skal heimilt að taka það búfé og selja á uppboði eða slátra því.

Ef leyfishafi fylgir ekki settum reglum, er sveitarstjórn heimilt að svipta hann leyfi til búfjánhalds og fara svo með búfé hans sem um ræðir í 1. mgr.

### 5. gr.

Nú verður aðili fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjánhaldi, þannig að bótum varði, og skal þá greiða bætur úr sveitarsjóði.

### 6. gr.

Í reglugerð má ákveða gjald fyrir leyfi til búfjánhalds, allt að kr. 1000.00 á ári, og rennur það í sveitarsjóð.

### 7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim, varða sektum, allt að kr. 5000.00. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.